



Umbótaáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði – Ytra mat  
Framkvæmdahluti – 2022





Umbótaáætlun þessi er unnin í framhaldi af ytra mati Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjörð vorið 2019. Við ytra matið voru teknir fyrir þrjú fyrirfram ákveðin matsþættir, stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Umbótaáætlunina unnu stjórnendur skólans; Hildur Sæbjörg Jónsdóttir og Ingibjörg Thomsen auk Ruthar Margrétar Friðriksdóttur kennara og Sigríðar Jónu Gunnarsdóttur sérkennara. Byggt var á upplýsingum úr skýrslu Sigríðar Sigurðardóttur og Ingibjargar Ingu Guðmundsdóttur matsaðila sem birt var í apríl 2019. Í skýrslunni eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta sem fjallað er um í þessari áætlun. Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum og eru tillögurnar til úrbóta settar fram í sömu röð og þær koma fyrir í skýrslunni. Starfsfólk Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina sem er einkar gagnleg fyrir skólastarfið og gerir okkur kleift að gera gott skólastarf enn betra.



## Umbótaáætlun vegna ytra mats á Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

### Stjórnun og fagleg forysta

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta/tillögur sveitafélgas og skóla	Viðmið um árangur	Tímaáætlun/ Hefst/lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur
Endurskoða <b>skólanámskrá</b> og gæta þess að hún sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.	Atriði sem þarfnast lagfæringar í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og lög og reglugerðir lagfærð. Hæfniviðmið endurskoðuð.	Skólanámskráin sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.	Vinna hafin og heldur áfram út skólaárið 2019–2020.  Eftir yfirllestur Meyvants og grunnskólafulltrúa var vinnu framlengt út skólaárið 2021.  Haustið 2021 var ákveðið að styðjast við drög og bæta enn meira í á starfsdögum.  Ábendingar frá Meyvatn gáfu tilefni til að skerpa á almenna hlutanum, kynjanámskrá, meginreglur og samþætting útskýrð þar. Skólastýrur skrifuðu almenna hlutann og fór hann í yfirllestur innan Hjallastefnunnar í janúar, 2022.  Vinna framlengd út skólaárið, 2022.  <b>Lokið: Apríl, 2022</b>	Lagt fyrir skólaráð í mars 2021 og grunnskólafulltrúa Hafnarfjarðar í sept 2020. tekið fyrir á starfsmannafundi vorönn 2021.  Fór í yfirllestur til Meyvants (doktor í námskráfræðum) í des, 2020 og aftur í feb, 2021. Frekari skýringar á uppsögnu í vinnslu. Fer aftur í yfirllestur í mars,2021.  Sýnishorn lagt fyrir skólaráð og útskýrt.  Starfsfólk las ítarlega yfir hæfniviðmið og fl. – bar saman við Mentor og kynnti, haust 2021.  <b>Námskrá kynnt á námskynningum fyrir forsjárfólki 13.okt. 2021.</b>  Drög notuð alla haustönnina, 2021 og leiðir í kynjanámskrá betrubættar í hópavinnu kennara á starfsdegi.  Hópavinna kennara metin af skólastýrum og yfirfarin.  Lagt fyrir skólaráð Barnaskólans og skilað inn til grunnskólafulltrúa í apríl, 2022.

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta/tillögur sveitafélgas og skóla	Viðmið um árangur	Tímaáætlun/Hefst/lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur
<p>Gæta þess að samráð sé haft við alla hagsmunaaðila við stefnumótun og endurskoðun stefnu og <b>skólanámskrár</b>.</p>	<p>Endurskoðuð skólanámskrá borin undir skólaráð þegar hún er tilbúin.</p>	<p>Endurskoðuð skólanámskrá borin undir skólaráð og kynjanámskrá Hjallastefnunnar/stefna skólans kynnt fyrir verðandi foreldrum.</p>	<p>Endurskoðun skólanámskrár/drög voru samþykkt af skólaráði og grunnskólafulltrá á skólaárinu 2020–2021.</p> <p>Kennarar vinna markvisst í námskrá, 2020 – 2021.</p> <p>Önnur umfjöllun skólaráðs fór fram í mars/apríl, 2022.</p> <p><b>Lokið: Apríl, 2022 (eftir aðra umfjöllun skólaráðs)</b></p>	<p>Lagt fyrir skólaráð/grunnskólafulltrúa Hafnarfjarðar og tekið fyrri á starfamannafundi</p> <p>Verðandi foreldrar grunnskólabarna boðaðir á kynningu í feb, 2021. Samráð haft og foreldrar vel upplýstir um stefnuna, námskrá skólans og fleira. Allir fá tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri óski þeir eftir því.</p> <p><b>Kynnt á námskynningum og fyrir skólaráði í okt, 2021</b></p>
<p>Skrá samstarf við aðra grunnskóla</p>	<p>Aðgengilegar upplýsingar inná heimasvæði skólans.</p>	<p>Skýrt inná heimasíðu skólans.</p>	<p>Vinna hófst haustið 2019.</p> <p><b>Lokið: Febrúar 2020 – auk viðbóta inní starfsáætlun, 2022.</b></p>	<p>Borið undir skólaráð og kynnt á starfsmannafundi.</p> <p>Ítrekað aftur á skólaráðsfundi í mars, 2021.</p>

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta/tillögur sveitafélgas og skóla	Viðmið um árangur	Tímaáætlun/Hefst/lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur
Skrá framgang þróunarverkefna.	Framgangur þróunarverkefna skráður í innramats skýrslu skólans ár hvert.	Kafli um framgang þróunarverkefna settur í skýrslu um innra mat skólans.	Vinna hafin og skráð hér eftir.  <b>Lokið: Mars 2021 – auk viðbóta í mentor vinnu við hæfniviðið í samfélags – og náttúrfræðigreinum</b>	Innra mats skýrsla borin undir skólafulltrúa og skólaráð. Þróunarverkefnið Mentor kynnt skólaráði á vorönn, 2021.
Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins; nemendur, foreldrar og starfsmenn, komi að endurskoðun skólareglna/meginreglna.	Starfsfólk velur að starfa eftir meginreglum og foreldrar velja skólann fyrir börnin sín vitandi hverju þeir ganga að. Sjá til þess að allir séu vel upplýstir um meginreglur skólans.	Allir hagsmunaaðilar séu vel upplýstir um meginreglur skólans.	Kynnt vel að hausti fyrir nýjum foreldrum, starfsmönnum og skólaráði.  Farið vel í starfsmannafundi og á starfsdegi í <b>nóvember, 2019</b>  <b>Lokið: 2021</b>	Kynnt á starfsmannafundi. Verðandi foreldrar grunnskólabarna boðaðir á kynningu í feb, 2021. Samráð haft og foreldrar vel upplýstir um stefnuna, námskrá skólans og fleira. Allir fá tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri óski þeir eftir því.
Stjórnendur fylgja markvisst og formlega með námi og kennslu og veita kennurum endurgjöf.	Setja upp gátlista við mat á námi og kennslu sem stjórnendur nýta til að fylgjast með námi og kennslu og veita kennurum endurgjöf.	Gátlisti við mat á námi og kennslu fyrir stjórnendur tilbúinn til notkunar og nýttur af stjórnendum.	Gátlisti tilbúinn til notkunar í janúar, 2020.  <b>Lokið: Mars, 2021</b>	Gátlisti borin undir grunnskólafulltrúa, kennara og skólaráð þann, 5.febrúar, 2020. Uppfærður frekar og borin undir ráðið í mars, 2021. Starfsfólksamtöl fóru fram í mars og feb, 2021 með hliðsjón af áhorfi
Huga að því í samráði við börnin hvort auka þurfi matarskammtinn í hádeginu.	Tekið hefur verið tillit til þessarar athugasemdar og matur er nú aftur eldaður á staðnum eftir tímabil þar sem hann var sendur til skólans.	Nemendur fá hæfilega stóra matarskammta í hádegismat.	  <b>Lokið: Mars, 2019</b>	Farið yfir á starfsmannafundi og á starfsdögum í ágúst, 2019

## Nám og kennsla

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Tímaáætlun/ Hefst/Lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur og sérkennslustýra
Í námsvísun/námskrám hópa, sem kallast kjarnanámskrár í skólanum, ættu að koma fram upplýsingar um viðfangsefni, kennsluaðferðir, námsgögn, námsmat og námsaðlögun ásamt hæfniviðmiðum fyrir allar námsgreinar. Þessar námskrár eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu.	Endurskoða kjarnanámskrár og upplýsingar um viðfangsefni, kennsluaðferðir, námsgögn, námsmat og námsaðlögun ásamt hæfniviðmiðum fyrir allar námsgreinar uppfærð. Sett á heimasíðu.	Allar kjarnanámskrár uppfærðar og komnar á heimasíðu.	<b>Hefst í febrúar, 2019.</b>  Áætluð vinna á skólaárinu 2020 – 2021 með kennurum.  Lagt fyrir skólaráð, 2021 og 2022.  <b>Lokið: Apríl, 2022</b>	Lagt fyrir skólaráð í mars 2021 og grunnskólafulltrúa Hafnarfjarðar í sept 2020. tekið fyrir á starfsmannafundi vorönn 2021.  Fór í yfirllestur til Meyvants (doktor í námskráfræðum) í des, 2020 og aftur í feb, 2021. Frekari skýringar á uppsendingu í vinnslu. Fer aftur í yfirllestur í mars,2021.  Sýnishorn lagt fyrir skólaráð og útskýrt.  Starfsfólk las ítarlega yfir hæfniviðmið og fl. – bar saman við Mentor, bætti inní og kynnti, haust 2021.  <b>Námskrá kynnt á námskynningum fyrir forsjárfólki 13.okt. 2021</b>
Tilgreina markmið allra námsgreina í kennsluáætlunum.	Kennarar setja inn markmið fyrir allar námsgreinar í kennsluáætlanir.	Markmið allra námsgreina tilgreind í kennsluáætlunum í hverri viku.	Rætt á starfsmannafundi í apríl 2019.  <b>Lokið í apríl, 2019</b>	Stjórnandi og kennarateymi hafa yfirlarið.
Gæta að því að námstími nemenda sé vel nýttur í löngum lotum, sérstaklega þegar líður á daginn.	Brjóta upp kennsluna í lengri lotum. Skipuleggja inntak námsins þannig að það henti hverjum nemendahópi sem best.	Námstími í lotum sé ávallt skipulagður þannig að tíminn nýtist nemendum sem best.	Rætt á starfsmannafundi í <b>apríl, 2019.</b>  <b>Lokið: Apríl, 2019</b>	Kennarar rýna sífellt í eigið starf með umbætur að leiðarljósi. Stjórnendur fylgja eftir með formlegu innliti í kennslu og veita kennurum endurgjöf.

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Tímaáætlun/ Hefst/lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur og sérkennslustýra
Setja fram í skólanámskrá hvernig viðmiðunarstundaskrá er framfylgt í íþróttum. Tengja þarf jógakennsluna markvisst við kaflann um íþróttir í aðalnámskrá, setja fram markmið og hæfniviðmið.	Uppfæra íþróttakafla í skólanámskrá.	Uppærður kafli í skólanámskrá birtur á heimasíðu skólans.	Uppfært fyrir skólanámskrá 2019–2020.  <b>Lokið: Apríl, 2022</b>	Borið undir grunnskólafulltrúa.  Hæfniviðmið í íþróttum og jóga uppfærð í skólanaámskrá.  Borið undir skólaráð, samanber aðrir þættir í námskrá – sjá ofar.
Setja fram í skólanámskrá hvernig viðmiðunarstundaskrá er framfylgt í list- og verkgreinum sem kenndar eru í smiðjum.	Uppfæra list- og verkgreinakafla í skólanámskrá.	Uppærður kafli í skólanámskrá birtur á heimasíðu skólans.	Uppfært fyrir skólanámskrá 2019–2020.  <b>Lokið: Apríl, 2022</b>	Borið undir grunnskólafulltrúa  Hæfniviðmið í list- og verkgreinum uppfærð í skólanaámskrá.  Borið undir skólaráð, samanber aðrir þættir í námskrá – sjá ofar.
Gera þarf ráð fyrir þeim tíma sem fer í akstur í íþróttir og göngu í sund í stundaskrá og gæta þess að námstími nemenda skerðist ekki, hvorki í íþróttum né öðrum greinum.	Uppfæra viðmiðunarstundarskrá í skólanámskrá sem stundarskrár taka mið af.	Viðmiðunar-Stundaskrá uppfærð	  <b>Lokið: Nóv, 2019</b>	Yfirfarið og samþykkt af grunnskólafulltrúa
Nýta spjaldtölvur/upplýsingatækni betur í námi nemenda.	Þegar úttektin var gerð voru smiðjur í gangi og því ekki mikið um spjaldtölvunotkun. Spjaldtölvur og upplýsingatækni er nú þegar nýtt í námi í Barnaskólanum. Spjaldtölvur eru m.a. nýttar til gagnaöflunar í þemaverkefnum, gagnvirkar æfingar eru nýttar bæði í íslensku og stærðfræði sem og ýmis öpp sem skólinn hefur fjárfest í.	Gæta þess að viðhalda spjaldtölvunotkun og kennslu í upplýsingatækni án þess að skjátími nemenda verði of mikill.	Rætt á starfsmannafundi í apríl 2019.  <b>Lokið: Apríl, 2019</b>	Kennarar rýna reglulega yfir allt skólaárið í eigið starf með umbætur að leiðarljósi. Farið var markvisst yfir kennsluáætlanir á starfsdegi.

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Tímaáætlun/ Hefst/lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur og sérkennslustýra
Gæta þess að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum bókum og námsgögnum og nýti þau.	Nemendur hafa nú þegar aðgang að fjölbreyttum bókum og námsgögnum sem henta 5 til 10 ára nemendum og eru nýtt eftir þörfum. Færa náttúrufræðigögn á hentugri stað þar sem auðveldara er að ná í þau. Sjá til þess að gögn séu yfirfarin að vori/hausti og endurnýjuð eftir þörfum.	Náttúrufræðigögn orðin aðgengilegri. Námsgögn uppfærð reglulega.	Yfirfarið í upphaf eða lok hvers skólaárs.  <b>Lokið: Mars, 2019</b>	Yfirfarið árlega, bókagjafir bornar undir foreldrafélagið og ræddar við kennara.
Vinna áfram í að taka saman námsefni í stærðfræði og öðrum fögum og gera aðgengilegra fyrir kennara.	Taka saman námsefni í stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði. Setja í námsefnisskápna.	Tilbúið efni til í námsefnisskápum í sameiginlegu starfsmannarými.	Hefst:mars, 2019 og unnið áfram á starfsdögum eftir að skóla lýkur.  <b>Lokið: Júní, 2019.</b>	Yfirfarið af kennurum og stjórnendum.



## Innra mat

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Tímaáætlun Hefst/lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur
Æskilegt væri að matsteymi, með fulltrúum allra hagsmunaaðila, sæi um skipulag og framkvæmd innra mats.	Skólapúlsinn, niðurstöður og markmið úr lestri og stærðfræði, borið undir skólaráð	Ákvörðun um markmið og áhersur tekin og sett í framkvæmd.	Borið undir skólaráð á fundi þann, 6. feb, 2019.  <b>Lokið: 6. feb</b>	Borið undir skólaráð og þáttaka í skólapúlsinum kynnt ítarlega.
Vinna þarf nákvæma áætlun um innra mat fyrir skólaárið út frá raunhæfri og virkri langtímaáætlun.	Innra mat skólans tekið til ítarlegrar endurskoðunar með hliðsjón af tækifærum til umbóta sem komu fram í ytra mati sem framkvæmt var á vorönn 2019. Langtímaáætlun yfirfarin og lagfærð.	Innra mat skólans sé í fullu samræmi við skólanámskrá og starfsáætlun skólans sem og aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir. Birt í innra matsskýrslu.	Borið undir skólaráð á fundi þann, 6. feb.  Hluti innra matsins komið inná heimsvæði skólans – áætluð lok á vorönn 2021.  <b>Lokið: Haustið, 2021</b>	Borið undir skólaráð, þáttaka í skólapúlsinum kynnt ítarlega og virk langtímaáætlun kynnt.  Viðfangsefni og gögn borin undir skólaráðið í mars, 2021 – með hliðsjón af langtímaáætlun.  Langtímaáætlun framkvæmd, niðurstöður skólapúls og fleiri þáttar kynntar fyrir skólaráði, 2021 – 2022.
Velja matsþætti út frá stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.	Innra mat skólans tekið til endurskoðunar með hliðsjón af tækifærum til umbóta sem komu fram í ytra mati sem framkvæmt var á vorönn 2019. Matsþættir valdir af kostgæfni út frá stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.	Hugmynd: Líðan nemenda borin saman við aðra grunnskólanemendur á höfuðborgarsvæðinu.	Kynnt á fundi skólaráðs 6.feb          <b>Lokið: Mars, 2021.</b>	Endurskoðað út frá rafrænni mælingu í skólapúlsi 2020 (foreldrakönnun).  Niðurstöður úr Skólapúlsinum skólaárin, 2020 og 2021 skoðaðar með skólaráðinu. Árangur einnig borin saman við aðra grunnskóla.
Markvisst þarf að meta markmið skólans og setja viðmið um árangur.	Markmið skýr í innra mati og viðmið í árangri inná heimasíðu skólans	Viðmið um árangur skólans séu skýr sem og leiðir til að meta hvernig til tekst að ná þeim. Tilgreint í innra matsskýrslu. *Lestrarviðmið	<b>Hefst: Janúar, 2020</b>          <b>Lokið: Vorönn, 2022</b>	Endurskoðað út frá rafrænni mælingu í skólapúlsi 2020 (foreldrakönnun) og læsisniðurstöðum 2020

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Tímaáætlun/ Hefst/lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur og sérkennslustýra
Byggja innra matið upp á fjölbreyttri gagnaöflun, eigindlegri og megindlegri.	Stefnumótun varðandi hvernig gagna verður aflað með fjölbreyttari hætti fyrir innra mat.	Fjölbreyttari gagnaöflun komin í gagnid. Gagna aflað með bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum svo innra mat skólans sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir. Aðferðir tilgreindar í innra matsskýrslu.	<b>Hefst: Janúar, 2020</b>  Hluti innra mats inná heimasíðu skólans.  Innra mats kafli tilbúinn inná heimasvæði skólans, haustið, 2021.  <b>Lokið: Vorönn 2021</b>	Endurskoðað út frá rafrænni mælingu í skólapúlsi 2020 (forelðrakönnun) og starfamannasamtölum  Samtöl og skólapúlsinn fóru fram á vorönn, 2021 og voru borin undir skólaráðið.
Meta kennslu og fagmennsku kennara formlega.	Setja upp gátlista við mat á námi og kennslu sem stjórnendur nýta til að fylgjast með námi og kennslu og veita kennurum endurgjöf.	Gátlisti við mat á námi og kennslu fyrir stjórnendur tilbúinn til notkunar og nýttur af stjórnendum. Gátlisti birtur inná heimasvæði skólans.	<b>Hefst: febrúar, 2020</b>    <b>Lokið: Apríl, 2021</b>	Farið yfir í starfsmannasamtölum og á starfamannafundi. Gátlisti borin saman við atriði sem eru tilgreind í starfsfólkssamtali.
Setja niðurstöður á mati á námi, framförum og árangri nemenda fram í matsskýrslu.	Árangur á skimunarprófum og samræmdum prófum skoðaður og greindur sérstaklega og niðurstöður settar fram í innra matsskýrslu skólans.	Niðurstöður á mati á námi, framförum og árangri nemenda komnar í innra matsskýrslu inná heimasvæði skólans.	<b>Hefst: Janúar, 2020</b>    <b>Lokið: Vorönn, 2022</b>	Borið undir skólaráð.  Niðurstöður settar fram í innra mats skýrslu skólans.  Finna má niðurstöður á heimasvæði skólans.

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Tímaáætlun/ Hefst/lokið	Framkvæmdin Ábyrgð: Skólastýrur og sérkennslustýra
Greina niðurstöður úr innra mati í styrkleika og tækifæri til umbóta og setja fram í matsskýrslu.	Setja fram sérstakan kafla eða nokkra undirkafla í innra matsskýrslu skólans þar sem dregnar eru saman niðurstöður úr innra mati og þær aðgreindar í styrkleika og tækifæri til umbóta.	Niðurstöður úr innra mati settar fram á skýran hátt í innra matsskýrslu skólans þar sem sést hvar styrkleikar og tækifæri til umbóta liggja. Birt í innra matsskýrslu.	<b>Hefst: Febrúar, 2020</b> og unnið er í öllum þáttum skólaárin, 2020 – 2022.  <b>Lokið: Vorönn, 2022</b>	Endurskoðað út frá rafrænni mælingu í skólapúlsi 2020 (foreldrakönnun)  Niðurstöður og umbætur settar fram í innra mats skýrslu skólans.
Vinna þarf umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta á þann hátt sem lagður hefur verið grunnur að í nýjustu matsskýrslu skólans.	Innra mat skólans tekið til ítarlegrar endurskoðunar með hliðsjón af tækifærum til umbóta sem komu fram í ytra mati sem framkvæmt var á vorönn 2019. Þar á meðal umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta.	Umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta tilbúin og birt í innra matsskýrslu skólans.	<b>Hefst: Nóvember, 2020.</b>	Borin undir skólaráð og sett inná heimasvæði skólans þegar starfsáætlun skólans er fullmótuð.
Endurskoða matsskýrslu, stytta og taka út úreltar og óþarfa upplýsingar.	Matsskýrsla tekin til gagngerar endurskoðunar og uppfærð í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.	Endurskoðuð og uppfærð innra matsskýrsla birt á heimasíðu skólans.	<b>Lokið: Vorönn, 2021</b>	Skólastýrur taka saman, bera undir skólaráð og birta á heimasvæði skólans.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði 26. apríl 2022

Hildur Sæbjörg Jónsdóttir